

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Kópavogsbæ.

1. gr.

Innheimta skal gjald fyrir meðhöndlun úrgangs í Kópavogsbæ svo sem nánar greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Greiða skal sérstakt sorphirðu- og sorpeyðingargjald á hverja íbúð í Kópavogsbæ að fjárhæð kr. 36.800.

3. gr.

Heimilt er að leggja á aukatunnugjald.

4. gr.

Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Þá er gjaldskráin sett með vísan til 14. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Kópavogsbæ nr. 51/2017.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Kópavogsbæ nr. 1323/2017.

Samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs, 28. nóvember 2018.

Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri.